

NAFNORÐABÓK

Nemandinn býr til fallega bók. Það er gaman að eiga handgerða bók, annars fallega stílabók. Bókin á að heita NAFNORÐ og vera merkt nafni og jafnvel með ártali. Þetta er bók sem á ekki að lenda í rusli eða í kassa. Þetta er eitt af því sem börnin eiga að hafa uppi í hillu, eins og allar ritgerðar og annað sem þau hafa samið, búið til eða hannað sjálf. (sjá sýnishorn)

Bókin skiptist í 3 kafla. Hver kafli á að vera fallega merktur:

1. kvenkyn. Forsíða í rauðum lit og jafnvel smá rauður litur, t.d. mynd af rauðri rós á hverri blaðsíðu þessa kafla.
2. karlkyn. Forsíða í bláum lit og jafnvel smá blár litur, t.d. blár bíll eða annað á hverri blaðsíðu.
3. hvorugkyn. Forsíða í grænum lit og jafnvel smá grænn litur, t.d. grænt gras á hverri blaðsíðu.

Hjá yngri börnum sleppum við þessum heitum og notum í staðinn:

1. stelpa,
2. strákur
3. ekki stelpa ekki strákur.

Þá teiknum við spýtustelpur og –strák með. (Eg hef þetta svona reyndar líka með stóru börnin fyrst, stundum mjög lengi... þetta er mjög einstaklingsbundið).

Þegar börnin rekast á orð í skólanum og heima, í dagbók og í öðru námi mega þau færa þau inn í bókina. Það er mjög hentugt að hafa sérstakar blaðsíður fyrir orð sem enda á –a og svo -ing, í kvenkyni og í karlkynskaflanum –ur og -i.

Í móttökudeild Háteigsskóla er þetta eitt af því mikilvægasta sem við gerum. Við vinnum svona með börn frá 7-15 ára, stundum alveg frá fyrsta degi. (Sjá verkefni með Það er leikur að

læra og sýnishorn af dagbókarvinnu). Við erum alltaf að raula þetta “mamma-mömmu”, “kennari-kennara”. Þetta er eiginlega söngur hjá okkur og börnin hafa gaman af og það verður fljótlega ljóst hversu mikilvægt þetta er því í öllum texta sjá þau þessar breytingar á orðunum. Við getum kallað þetta rauðan þráð í allri kennslunni.

Þetta eru í raun aðeins nefnifall og þolfall. Við kennum þeim ekki þessi málfræðiheiti fyrr en síðar, það er einstaklingsbundið hvenær það er. Ég hef komist að því að börnin eru vel sett með þessi 2 föll. Ef við höfum orðin ekki með greini þá er það oft svo að enginn munur er á þolfalli og þágufalli. Þegar svo þágufallið kemur fram í t.d. dagbókinni (allt í lagi þó það sjáist í texta sem börnin lesa, það þarf ekki að kenna allt um leið) þá bara skrifum við það út á spássíuna. Þá þarf að gæta þess að öll þrjú fyrstu föllin komi fram, ekki sleppa þolfalli. Dæmi: rúm-rúm-rúmi. Þetta þarf ekkert að útskýra ef barnið hefur ekki aldur eða þroska til.

Þarna er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það eru reglurnar sem við þurfum að leggja áherslu á. Börnin þurfa að hafa eitthvað á hreinu:

Orð sem enda á –a eru kvenkyn: mamma-mömmu 2 mömmur (Við sýnum þeim að a breytist í ö ef stafurinn u kemur á eftir. Það er allt í lagi þó barnið sé ungt. Við hvað ætti barnið að vera hrætt?? Það gefur því hins vegar öryggi því það er alltaf að rekast á þetta í tungumálinu)

Orð sem enda á –ur eru karlkyns: bátur-bát 2 bátar

Orð sem enda á –i eru karlkyns: Tumi-Tuma 2 Tumar

Orð sem hafa enga endingu og eru eins í þolfalli eru hvorugkyn (oftast en oft eru þau líka kvenkyn, það kemur þá bara í ljós). Þau eru líka eins í fleirtölu: hús-hús 2 hús

Undantekningar eru hvimleiðar, en við verðum að setta okkur við þær. Við setjum orðið á sinn stað í nafnorðabókinni og getum merkt orðið sérstaklega þegar það fer í “vitlausan” kafla. Í rauninni litum við alltaf aðeins yfir orðin, sérstaklega í dagbókarvinnunni, þannig að þau sjá orðin svona á litinn. Það er líka svo gaman. Ég hef aldrei lent í því að barni finnist þessi vinna leiðinleg, heldur þvert á móti, þau elska þetta.

Auðvitað kemur að því að nafnorðabókin er orðin full, og orðin eru sennilega ekki í stafrófsröð (nema þess hafi verið gætt frá upphafi), en þá er mikilvægt að ljúka við þessa vinnu. Barnið hefur nú lært reglurnar og það var tilgangurinn með þessu. Síðan taka íslenskar orðabækur við.